

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/850

2021/EES/74/26

frá 26. maí 2021

um breytingu og leiðréttingu á II. viðauka og breytingu á III., IV. og VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. og fjórða undirgrein 2. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 31. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ⁽²⁾ er kveðið á um samræmda flokkun efna sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða sem hafa eiturhrif á æxlun (CMR-efni) á grundvelli álits sem áhættumatsnefnd Efnastofnunar Evrópu tók saman. Efnin eru flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun í undirflokki 1A, efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B eða efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun í 2. undirflokki með hliðsjón af umfangi vísbendinga um eiginleika þeirra sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun (CMR-eiginleikar).
- 2) Í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 er kveðið á um að bannað er að nota í snyrtivörur efni sem hafa verið flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun í undirflokki 1A, 1B eða 2. undirflokki skv. 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CMR-efni). Þó má nota efni sem er krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hefur eiturhrif á æxlun í snyrtivörur ef skilyrðin, sem mælt er fyrir í öðrum málslíð 1. mgr. 15. gr. eða í annarri undirgrein 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009, eru uppfyllt.
- 3) Til að koma í framkvæmd á samræmdan hátt á innri markaðnum banni við efnum sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun, til að tryggja réttarvissu, einkum fyrir rekstraraðila og lögbær landsyfirvöld, og til að tryggja öfluga vernd fyrir heilbrigði manna ætti að færa efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun á skrána yfir bönnuð efni eða, eftir því sem við á, á skrána yfir efni sem sæta takmörkunum í II. eða, eftir því sem við á, í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og, þar sem við á, fella þau brott úr skránum yfir efni sem sæta takmörkunum eða yfir leyfð efni í III. til VI. viðauka við þá reglugerð. Ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í öðrum málslíð 1. mgr. 15. gr. eða annarri undirgrein 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009, eru uppfyllt ætti að breyta skránum yfir efni sem sæta takmörkunum eða leyfð efni í III. til VI. viðauka við þá reglugerð til samræmis við það.
- 4) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/217 ⁽³⁾ sem á að koma til framkvæmda frá og með 1. október 2021 hafa tiltekin efni verið flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Því er nauðsynlegt að banna notkun þessara efna sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun í snyrtivörur frá og með sama degi.
- 5) Í framseldri reglugerð (ESB) 2020/217 er einkum kveðið á um flokkun efnisins TiO₂ (INCI-heiti: titandíoxíð) sem krabbameinsvaldur í 2. undirflokki (innöndun) sem gildir um titandíoxíð í duftformi sem inniheldur 1% eða meira af ögnum með loftfræðilegt þvermál sem nemur ≤ 10 µm.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 188, 28.5.2021, bls. 44. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 294/2021 frá 29. október 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/217 frá 4. október 2019 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum í tækni og vísindum og um leiðréttingu á þeirri reglugerð (Stjtið. ESB L 44, 18.2.2020, bls. 1).

- 6) Títandíoxíð er sem stendur skráð í færslu 143 í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og leyft til notkunar sem litgjafi í snyrtivörur, að því tilskildu að það uppfyllir hreinleikaskilyrðin eins og sett er fram í færslu E171 (títandíoxíð) í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ⁽⁴⁾. Títandíoxíð er einnig skráð í færslur 27 og 27a (nanóform) í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 sem útblámasía og eingöngu leyft í snyrtivörur í styrk sem nemur allt að 25%. Auk þess er títandíoxíð (nanóform) leyft í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar, að undanskilinni notkun sem gæti leitt til váhrifa á lungu endanlegs notanda við innöndun og með fyrirvara um önnur skilyrði sem eru skráð í færslunni.
- 7) Í kjölfar flokkunar á títandíoxíði sem efni sem er krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hefur eiturrhrif á æxlun var lögð fram beiðni 28. janúar 2020 um undanþágu til að nota það í snyrtivörur samkvæmt öðrum málslið 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009.
- 8) Hinn 6. október 2020 samþykkti vísindanefndin um öryggi neytenda vísindalegt álit um títandíoxíð ⁽⁵⁾ (hér á eftir nefnt álit vísindanefndarinnar um öryggi neytenda) í því skyni að samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009. Í álitinu vísindanefndarinnar um öryggi neytenda, sem fjallaði um títandíoxíð (sem hægt er að anda að sér) í duftformi sem inniheldur 1% eða meira af ögnum með loftfræðilegt þvermál sem nemur $\leq 10 \mu\text{m}$, var komist að þeirri niðurstöðu, á grundvelli fyrirliggjandi gagna, að títandíoxíð væri öruggt fyrir almenna neytendur þegar það er notað í andlitsvörur í formi lauss dufts í hámarksstyrk sem nemur 25% og í hárvörur í formi úðaefnis í hámarksstyrk sem nemur 1,4%. Að því er varðar notkun í atvinnuskyni taldist títandíoxíð öruggt þegar það er notað í hárvörur í formi úðaefnis í hámarksstyrk sem nemur 1,1%.
- 9) Að lokum komst vísindanefndin um öryggi neytenda að þeirri niðurstöðu að þessar niðurstöður byggðust á snyrtivörum þar sem einungis ein gerð af títandíoxíðefni (fastlitarefni) lá til grundvallar og þar eð fleiri upplýsingar lágu ekki fyrir var ekki unnt að ákvarða hvort þessar niðurstöður kæmu einnig til með að gilda um aðra notkun í snyrtivörur sem innihalda aðrar gerðir títandíoxíðs sem var ekki fjallað sérstaklega um í álitinu vísindanefndarinnar um öryggi neytenda.
- 10) Í ljósi niðurstaðna vísindanefndarinnar um öryggi neytenda ætti ekki að leyfa títandíoxíð í duftformi sem inniheldur 1% eða meira af ögnum með loftfræðilegt þvermál sem nemur $\leq 10 \mu\text{m}$ til notkunar sem gæti leitt til váhrifa við innöndun hjá endanlegum notanda og því ætti að bæta efninu á skrána yfir efni sem sæta takmörkunum í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og eingöngu ætti að leyfa notkun þess í andlitsvörur í formi lauss dufts og í hárvörur í formi úðaefnis eins og tilgreint er í þessum niðurstöðum. Auk þess að færa títandíoxíð á skrá í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 ætti að kveða á um að notkun títandíoxíðs sem litgjafa, í samræmi við færslu 143 í IV. viðauka við reglugerð, sem og notkun títandíoxíðs sem útblámasíu, í samræmi við færslu 27 í VI. viðauka við þá reglugerð, ætti að vera leyfð með fyrirvara um takmarkaða notkun þess skv. III. viðauka við þá reglugerð. Í þessu skyni ætti að bæta tilvísun til takmörkuðu notkunarinnar á títandíoxíði skv. III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 við viðkomandi færslur í IV. og VI. viðauka við þá reglugerð. Að því er varðar notkun títandíoxíðs (nanóform) sem útblámasíu, í samræmi við færslu 27a í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009, er engra viðbótarráðstafana krafist þar eð þegar er kveðið á um í færslu 27a að notkun títandíoxíðs (nanóform) sem getur leitt til váhrifa á lungu endanlegs notanda vegna innöndunar sé ekki leyfð.
- 11) Að því er varðar önnur efni en títandíoxíð, sem voru flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhrif á æxlun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 með framseldri reglugerð (ESB) 2020/217, hefur ekki verið lögð fram beiðni um undanþágu til notkunar í snyrtivörur. Þetta varðar kóbalt, metaldehyð (ISO), metýlkvikasílfursklóríð, bensó[*rst*]pentafen, díbensó[*b,def*]krýsen, díbensó[*a,h*]pýren, etanol, 2,2'-iminóbis-,*N*-(*C*13–15 greinótt og línuleg alkýl)-afleiður, sýflúmetófen (ISO), díísóhexýlþalat, halósúlfúrónmetýl (ISO), 2-metýlimidasól, metaflúmísón (ISO), díbutýlbis(pentan-2,4-díónat-*O,O'*)tin, nikkelibis(súlfamídat), 2-bensýl-2-dímetýlamínó-4'-morfólinóbútýrófenón og etýlenoxíð. Þessi efni falla sem stendur hvorki undir takmarkanir sem mælt er fyrir um í III. viðauka né eru þau leyfð í samræmi við IV., V. eða VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009. Þrjú þessara efna, þ.e.a.s. nikkelibis(súlfamídat), etýlenoxíð og 2-bensýl-2-dímetýlamínó-4'-morfólinóbútýrófenón, eru sem stendur skráð í II. viðauka við þá reglugerð. Bæta ætti efnunum, sem eru ekki þegar skráð í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009, á skrána yfir þau efni sem eru bönnuð í snyrtivörum í þeim viðauka.

⁽⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtið ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

⁽⁵⁾ Vísindanefndin um öryggi neytenda, „Opinion on Titanium dioxide (TiO₂)“, bráðabirgðaútgáfa frá 7. ágúst 2020, lokaútgáfa frá 6. október 2020, SCCS/1617/20.

- 12) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1966 ⁽⁶⁾, sem var samþykkt til að koma í framkvæmd á samræmdan hátt banni við efnum sem eru flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhif á æxlun samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1272/2008 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1480 ⁽⁷⁾, voru innleiddar breytingar á færslu 98 í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 að því er varðar efnið bensósýra, 2-hýdroxý- (INCI-heiti: salísýlsýra). Til að samræma þessar breytingar að fullu við niðurstöðurnar úr upphaflegu álitni vísindanefndarinnar um öryggi neytenda ⁽⁸⁾ þykir rétt að leyfa notkun þessa efnis, í öðrum tilgangi en sem rotvarnarefni, í fljótandi líkamskrem, augnskugga, augnháralit, augnlínupenna, varalit og lyktareyði með rúllu í styrk sem nemur allt að 0,5%. Því ætti að breyta færslu 98 í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.
- 13) Þar að auki var efnið nikkels(tetraflúoróbórat) (CAS-númer 14708-14-6) fyrir mistök fært tvisvar á skrá í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 (færslur 1401 og 1427) með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/831 ⁽⁹⁾ sem var samþykkt til að koma í framkvæmd á samræmdan hátt banni við efnum sem eru flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhif á æxlun samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1272/2008 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/776 ⁽¹⁰⁾. Annarri þessara færslna er því ofaukið og ætti að fella hana brott.
- 14) Því ætti að breyta og leiðrétta reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.
- 15) Breytingarnar á reglugerð (EB) nr. 1223/2009, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, sem byggjast á flokkun viðkomandi efna sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhif á æxlun með framseldri reglugerð (ESB) 2020/217 ættu að koma til framkvæmda á sama degi og sú framselda reglugerð.
- 16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II., III., IV. og VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er færsla 1427, sem svarar til efnisins nikkels(tetraflúoróbórat) (CAS-númer: 14708-14-6), felld brott.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. október 2021 að því er varðar 1. lið, lið 2 b, 3. og 4. lið í viðaukanum.

⁽⁶⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1966 frá 27. nóvember 2019 um breytingu og leiðréttingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (Stjtið. ESB L 307, 28.11.2019, bls. 15).

⁽⁷⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1480 frá 4. október 2018 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum í tækni og vísindum og um leiðréttingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/776 (Stjtið. ESB L 251, 5.10.2018, bls. 1).

⁽⁸⁾ Vísindanefndin um öryggi neytenda, „Opinion on salicylic acid“, leiðrétting frá 20.–21. júní 2019, SCCS/1601/18.

⁽⁹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/831 frá 22. maí 2019 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (Stjtið. ESB L 137, 23.5.2019, bls. 29).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/776 frá 4. maí 2017 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum í tækni og vísindum (Stjtið. ESB L 116, 5.5.2017, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. maí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslum er bætt við í II. viðauka:

Tilvísunarnúmer	Auðkenning efna			
	Efnaheti/INN	CAS-númer	EB-númer	
a	b	c	d	
1645	Kóbalt	7440-48-4	231-158-0	
1646	Metaldelyð (ISO), 2,4,6,8-tetrametyl-1,3,5,7-tetraoxasýklóoktan	108-62-3	203-600-2	
1647	Metýlkvikasilfursklóríð	115-09-3	204-064-2	
1648	Bensól[rs]pentafen	189-55-9	205-877-5	
1649	Díbensól[b-de]krýsen, díbensól[a,h]pýren	189-64-0	205-878-0	
1650	Etanól-2,2'-iminóbis-N-(C13-15 greinótt og línuleg alkýl)-afleiður	97925-95-6	308-208-6	
1651	Sýflumetófen (ISO), 2-metoxeyýl (RS)-2-(4-tert-bútýlfenýl)-2-sýanó-3-oxó-3-(α,α -trifluoró-ó-tólyl)própíónat	400882-07-7	-	
1652	Díisóhexýlpalat	71850-09-4	276-090-2	
1653	halósúlrufónmetýl (ISO), metýl-3-klóró-5-[(4,6-dímtoxypýrimidín-2-ýl)karbamóyl]súlfamóyl}-1-metýl-1H-pýrasól-4-karboxýlat	100784-20-1	-	
1654	2-metýlimidasól	693-98-1	211-765-7	
1655	Metaflúmísón (ISO), (EZ)-2'-[2-(4-sýanófenýl)-1-(α,α,α -trifluoró-m-tólyl)etýliden]-[4-(trifluorómetoxý)fenýl]karbanílhýdrasíð [E-hverfa \geq 90%, Z-hverfa \leq 10% hlutfallslegt innihald], [1] (E)-2'-[2-(4-sýanófenýl)-1-(α,α,α -trifluoró-m-tólyl)etýliden]-[4-(trifluorómetoxý)fenýl]karbanílhýdrasíð [2]	139968-49-3 [1] 852403-68-0 [2]	-	
1656	Díbútylbis(pentan-2,4-díónat-O')tín	22673-19-4	245-152-0*	

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslu 98 kemur eftirfarandi:

Tilvisunar-númer	Auðkenning efna			Takmarkanir			Orðalag notkumarskiilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	
a	b	c	d	e	f	g	i
„98	Bensósýra, 2-hýdroxy-(1)	Salicylic acid	69-72-7	200-712-3	a) Hárvörur sem á að skola burt efir notkun b) Aðrar vörur, að undanskildu fljótandi líkamskremi, augnskugga, augnháralit, augnlínupenna, varalit og lyktareyði með rúllu c) Fljótandi líkamskrem, augnskuggi, augnháralit, augnlínupenni, varalit og lyktareyðir með rúllu	a) 3,0% b) 2,0% c) 0,5%	(a) (b) (c) Má ekki nota í efnablöndur fyrir börn yngri en 3 ára. Ekki til notkunar sem gæti leitt til váhrifa á lungu endanlegs notanda við innöndun. Má ekki nota í vörur til munnihirðu. Í öðrum tilgangi en til að hindra myndun örvera í vörum. Tilgangurinn verður að koma greinilega fram í kynningu vörunnar. Öll notkun salísýsýru er innifalín í þessum gildum.

(1) Til notkunar sem rotvarnarefni, sjá nr. 3 í V. viðauka.

(2) Einungis fyrir vörur sem getu verið notaðar fyrir börn yngri en þriggja ára.

b) Eftirfarandi færslu er bætt við:

Tilvisunar-númer	Auðkenning efna			Takmarkanir			Orðalag notkumarskiilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	
a	b	c	d	e	f	g	i
„321	Títandíoxíð í duffformi sem inniheldur 1% eða meira af ögnum með loftfræðilegt þvermál ≤ 10 µm	Titanium Dioxide	13463-67-7/1317-70-0/1317-80-2	236-675-5/215-280-1/215-282-2	a) andlitsvörur í formi lauss duffs	a) 25%, b) 1,4% fyrir almenna neytendur og 1,1% fyrir notkun í atvinnuskyni.	(a) (b) Eingöngu í formi fastlitarefnis

Tilvísunarnúmer	Auðkenning efna				Skilyrði				Orðalag notkunarkeyrða og varnaðarorða
	Efnahæiti	Litaskrárnúmer/heit í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Litur	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i	j
„143	Títandíoxíð (1)	77891		236-675-5	Hvít				<p>— Hreinleikaskilyrði eins og sett eru fram í tilskipun framkvæmdasjónrinnar 95/45/E (E 171)</p> <p>— Títandíoxíð í duftformi sem inniheldur 1% eða meira af ögnum með loftfræðilegt þvermál sem nemur ≤ 10 µm, til notkunar í samræmi við III. viðauka, nr. 321.</p>

3) Í stað færslu 143 í IV. viðauka kemur eftirfarandi:

(1) Til notkunar sem útblámasía, sjá nr. 27 í VI. viðauka.“

4) Í stað færslu 27 í VI. viðauka kemur eftirfarandi:

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Skilyrði			Orðalag notkunar- og varnaðarorða
	Efnahæiti/INN/ XAN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnaþöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
„27	Títandíoxíð (²)	Titanium Dioxide	13463-67- 7/1317-70- 0/1317-80-2	236-675- 5/215-280- 1/215-282-2		25% (⁴)		Títandíoxíð í duftformi sem inniheldur 1% eða meira af ögnum með loftfræðilegt þvermál sem nemur ≤ 10 µm, til notkunar í samræmi við III. viðauka, nr. 321. Fyrir vörutegundir undir bókstafnum c) í dálki f) í III. viðauka, nr. 321, gildir hámarksstyrkur í efnaþöndu sem er tilbúin til notkunar sem er tilgreindur í dálki g) í þessari færslu.

(²) Til notkunar sem litgjafi, sjá nr. 143 í IV. viðauka.“